

Reglur um úthlutun styrkja á vegum háskóla-, iðnaðar og nýsköpunarráðherra árið 2022 til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðispjónustu.

1. gr.

Tilgangur.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra veitir styrki til innleiðingar nýsköpunar í heilbrigðispjónustu. Hlutverk styrkjanna er að styðja við innleiðingu nýrra vara, nýrrar þjónustu eða nýrra hugbúnaðarlausna sem geta bætt þjónustu/aukið hagkvæmni eða gæði í rekstri heilbrigðiskerfis.

2. gr.

Fjármögnun verkefnis.

Ríkisstjórn Íslands samþykkti, á fyrri hluta árs 2022, að veita 750 m.kr. í sértækari aðgerðir til að mæta félags- og heilsufarslegum afleiðingum COVID-19. Þar af verður 60 m.kr. veitt til háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis til átaksverkefnis um nýsköpun í heilbrigðistækni, -vörum og -þjónustu. Ráðherra hefur ákveðið að ráðstafa þeim fjármunum til að tryggja innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðispjónustu með það að markmiði að auka skilvirkni og bæta þjónustu.

3. gr.

Styrkhæfi verkefna.

Styrkjum skal úthlutað til verkefna sem styðja við innleiðingu nýsköpunar í heilbrigðistækni, -vörum og -þjónustu og hafa það að markmiði að auka skilvirkni og bæta þjónustu. Styrkirmir eru samkeppnisstyrkir og skal úthlutað til verkefna til eins árs í senn. Hámarksstyrkur getur numið 10 m.kr.

Umsækjandi skal vera lögráða einstaklingur eða lögaðili. Lögaðilar í meirihluta eigu ríkis eða sveitarfélaga skulu að jafnaði ekki vera umsækjendur í þeim verkefnum sem hljóta styrk. Sprotta- og frumkvöðlafyrirtæki, sem vinna að nýsköpun í heilbrigðistækni og -þjónustu eru sérstaklega hvött til að skoða möguleika á þátttöku og sækja um.

4. gr.

Fagráð

Skipað verður fjögurra manna fagráð sem metur umsóknir í sjóðinn og verða tveir fulltrúar skipaðir af háskóla-, iðnaðar, og nýsköpunarráðherra, einn af heilbrigðisráðherra og einn af fjármála- og efnahagsráðherra. Þar af skal háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra skipa formann. Fagráðið hefur það hlutverk að meta umsóknir í samræmi við áherslur sem fram koma í reglum þessum og gera tillögur til ráðherra um veitingu styrkja. Hafa skal hliðsjón af stjórnsýslulögum, nr. 37/1993, við mat á umsóknum og úthlutun styrkja.

5. gr.

Auglýsingar.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki á vef ráðuneytisins. Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um helstu atriði sem litið er til við mat á umsóknum, hvar og hvernig skuli sækja um, auk upplýsinga um umsóknarfrest.

6. gr.

Umsóknir.

Umsókn skal skilað rafrænum hætti í gegnum vef ráðuneytisins á þar til gerðu umsóknarfomi. Ráðuneytið tekur ekki til umfjöllunar umsóknir sem berast eftir öðrum leiðum, né umsóknir sem berast utan auglýsts tímafrests.

Umsókn skal innihalda eftirtalin gögn og upplýsingar eftir því sem við á:

1. Upplýsingar um umsækjanda eða umsækjendur.
2. Upplýsingar um aðra þátttakendur og samstarfsaðila.

3. Nafn verkefnisstjóra (þess sem annast samskipti við ráðuneytið).
4. Nákvæm lýsing á verkefni, markmiðum þess og þýðingu fyrir umsækjanda og aðra.
5. Lýsing á því hvernig árangur verkefnisins verði metinn.
6. Tíma- og verkáætlun.
7. Fjárhagsáætlun, þar sem m.a. koma fram upplýsingar um áætlaðan kostnað, fjármögnun, hlutdeild annarra í kostnaði við verkefnið og styrki sem verkefnið hefur hlotið eða hefur sótt um. Mótframlag frá umsækjanda þarf að vera að lágmarki 30%.
8. Staðfest gögn frá samstarfsaðilum sem og önnur gögn til stuðnings umsókn.
9. Upplýsingar um kyn umsækjanda.
10. Upplýsingar um að umsækjandi sé ekki í vanskilum við innheimtumann ríkissjóðs.

7. gr.

Viðmið við úthlutun.

Við mat á umsóknum er fagráði heimilt að leita umsagnar fagaðila, gerist þess þörf. Auk skilyrða um styrkhæfi sem getið er í 3. gr., munu eftirtalin atriði vega inn í mat á umsóknum og ákvörðun úthlutana.

Nýsköpun og nýnæmi

- Mikilvægi verkefnis fyrir innleiðingu nýrra vara, nýrrar þjónustu eða nýrra hugbúnaðarlausna sem geta bætt þjónustu og/eða aukið hagkvæmni í rekstri heilbrigðiskerfis.
- Mikilvægi verkefnis fyrir aukna verðmætasköpun/bætta þjónustu.
- Skalanleiki verkefnis, þ.e.a.s. hvernig umsækjandi sér það þróast, stækka og nýtast fleirum í heilbrigðiskerfinu með það að markmiði að innleiðingen bæti þjónustu við sjúklinga, stytti biðlista og bæti skilvirkni kerfisins.

Ávinnungur

- Gildi og ávinnungur fyrir ákveðna hópa, fyrir heilbrigðiskerfið og samstarfsaðila verkefnisins.

Faglegir þættir

- Gæði verkefnis, þ.m.t. hvort markmið og skipulag verkefnis eru skýr, hvernig markmiðum verkefnis verði náð og hvernig árangur verði metinn.
- Faglegur bakgrunnur umsækjanda og annarra þátttakenda.
- Fjárhagslegur grundvöllur verkefnis og önnur fjármögnun.

Samstarf

- Samstarf á alþjóðlegum vettvangi.
- Samstarf við háskóla/fagstofnanir.
- Annað samstarf sem er mikilvægt fyrir verkefnið.

8. gr.

Úthlutun og skilmálar.

Fagráð gerir tillögu til ráðherra um úthlutun og ráðstöfun fjár til verkefna. Tillögur fagráðsins skulu vera skriflegar og geyma í stuttu máli almenna lýsingu á framkvæmd og málsmæðferð við tillögugerðina. Ráðherra tekur ákvörðun um styrkveitingar á grundvelli framkominna tillagna.

Tilkynna skal öllum umsækjendum um afgreiðslu viðkomandi umsóknar.

Við móttöku á styrk ábyrgist styrkþegi að honum verði einungis varið til þess verkefnis sem getið er um í umsókn. Jafnframt skuldbindur hann sig til að skila greinargerð um árangur verkefnisins og fjárhagsuppgjöri skv. samningi. Styrkþegi skal auk þess hlíta öðrum þeim skilmálum sem fram koma í reglum þessum eða eru tilgreindir sérstaklega í samningi. Lokagreiðsla styrkfjár kemur að jafnaði ekki til greiðslu fyrr en við skil til ráðuneytisins á gögnum sem gerð er krafa um hverju sinni, svo sem greinargerð um framgang og lok verkefnis ásamt fjárhagsuppgjöri.

Styrkjum er úthlutað til eins árs í senn. Nýti styrkþegi ekki styrk innan þess tíma fellur styrkurinn niður, nema sérstaklega sé sótt um frestun á ráðstöfun hans. Umsókn þess efnis skal vera skrifleg og rökstudd.

Styrkþegi má ekki vera í vanskilum við innheimtumann ríkissjóðs og skilar stöðuyfirliti þar um og má ekki vera á vanskilaskrá Credit info.

Þegar ákvörðun hefur verið tekin um úthlutun birtir ráðuneytið nöfn styrkþega, heiti verkefnis og upphæð styrks á vef sínum.

9. gr.

Upplýsingagjöf, uppgjör og endurkröfuréttur ráðuneytis.

Umsýsla verkefnasjóðsins er í háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Styrkþega ber ávallt að verða við beiðni ráðuneytisins um upplýsingar um stöðu verkefnisins og láta því í té allar upplýsingar og gögn um verkefnið, þar á meðal bókhaldsgögn. Styrkþegum er skyldt að tilkynna ráðuneytinu tafarlaust ef upp koma aðstæður sem seinka verkefninu eða koma í veg fyrir að markmiðum eða skilyrðum fyrir styrkveitingu sé fullnægt.

Verði óhóflegur frestur á að ráðist sé í verkefni, tefjist framkvæmd þess úr hófi eða verði önnur skilyrði sem styrkveiting kann að vera bundin ekki uppfyllt innan eðlilegra tímamarka teljast forsendur brostnar. Áskilur ráðuneytið sér þá rétt til að ógilda styrkveitinguna og krefja styrkþega um endurgreiðslu á greiddum styrk, að hluta til eða í heild, ásamt kostnaði við innheimtu.

Ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var getur ráðuneytið krafist þess að styrkurinn verði endurgreiddur í heild eða að hluta, ásamt kostnaði við innheimtu. Áður en ákvörðun um slíkt er tekin skal styrkþega gefinn kostur á að lýsa afstöðu sinni til málsins.

Reynist útgjöld vegna verkefnis samkvæmt umsókn lægri en útborguð styrkfjárhæð skal styrkþegi endurgreiða ofgreiddan styrk innan 30 daga frá því fjárhagsuppgjör lá fyrir. Að öðrum kosti innheimtir ráðuneytið ofgreiddan styrk ásamt innheimtukostnaði.

Styrkþegi skal senda ráðuneytinu greinargerð um verkefnið og fjárhagsuppgjör vegna þess áður en kemur að lokagreiðslu. Ljúki verkefninu ekki á því ári sem styrkurinn er veittur, skal ráðuneytið upplýst um stöðu verkefnisins fyrir árslok.

Styrkþegi skal varðveita öll gögn verkefnisins, þ.m.t. bókhaldsgögn, í a.m.k. sjö ár og hafa þau tiltæk sé þess óskað af hálfu Ríkisendurskoðunar.

10. gr.

Kynningarefni tengt verkefni.


Á öllu útgefnu efni, auglýsingum o.s.frv. sem tengist hinu styrkta verkefni skal koma fram að það sé styrkt af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

11. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar eru settar með vísan til 5. gr. reglugerðar um styrkveitingar ráðherra, nr. 642/2018, sbr. 42. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, og taka þegar gildi.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti, 21. september 2022


háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra